



Skilmálar

vegna tímabundinnar heimildar til úttektar af reikningum háðum sérstökum takmörkunum og gjaldeyrisviðskipta við Seðlabanka Íslands, skv. lögum nr. 37/2016.

1. Seðlabanki Íslands kunngjörir hér með skilmála þá er gilda um tímabundna heimild til gjaldeyrisviðskipta við bankann. Viðskipti samkvæmt skilmálum þessum fara fram með milligöngu viðskiptabanka eða verðbréfamiðstöðvar sem eiga innlánsreikning hjá Seðlabanka Íslands.
2. Samkvæmt 1. mgr. 9 gr. laga nr. 37/2016 um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum er eigendum aflandskrónueigna, skv. a-d lið og h-lið 1. tölul. 2. gr. laganna veitt heimild til úttekta af reikningum háðum sérstökum takmörkunum og nýta til gjaldeyrisviðskipta við Seðlabanka Íslands á sérstöku viðmiðunargengi, sbr. 10. tölul. 2. gr. laganna til 1. nóvember 2016. Ráðstöfun á erlendum gjaldeyri sem þátttakendur eignast í viðskiptum skv. skilmálum þessum er undanþeginn takmörkunum laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, sbr. 13. gr. o. þeirra laga, sem og takmörkunum laga nr. 37/2016.
3. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 37/2016 er eigendum annars konar aflandskrónueigna en þeim sem eru í formi reiðufjár, skuldabréfa og víxla útgefinna af ríkissjóði Íslands eða með ábyrgð íslenska ríkisins (e-g-lið 1. tölul. 2. gr. laganna) heimilt að eiga gjaldeyrisviðskipti við Seðlabankann á sérstöku viðmiðunargengi, sbr. 10. tölul. 2. gr. laganna til 1. nóvember 2016. Viðskipti skulu vera með þeim hætti að boðin er fram fjárhæð sem nemur markaðsvirði aflandskrónueignar að frádregnu margfeldi markaðsvirðis aflandskrónueignar og hlutfalls opinbers miðgengis Seðlabankans fyrir krónu á móti evru hinn 20. maí 2016 og viðmiðunargengis, sem setja má fram með eftirfarandi hætti.*

Opinbert miðgengi Seðlabanka Íslands (evra)
(1 - $\frac{\text{Opinbert miðgengi Seðlabanka Íslands (evra)}}{\text{Viðmiðunargengi (kr.pr.evra)}}$) *Markaðsvirði aflandskrónueignar

Markaðsvirði aflandskrónueignar skal miðast við rökstutt mat óháðs löggilts endurskoðanda á gangvirði eða kostnaðarvirði eignarinnar við gildistöku laga um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, eins og það er skilgreint samkvæmt lögum um ársreikninga, en það skal þó aldrei vera lægra virði en nafnvirði undirliggjandi eigna. Viðskiptamaður eða milligönguaðili, hvort heldur er, skulu afla matsins á eigin kostnað og skal endurskoðandinn staðfesta óhæði sitt. Seðlabanka Íslands er heimilt að óska frekari skýringa eða hafna niðurstöðum mats ef sýnt þykir að það sé ekki byggt á fullnægjandi forsendum. Gögn til upplýsingar um markaðsverð skulu berast Seðlabankanum eigi síðar en í dagslok 1. nóvember 2016. Sú eign sem liggur til grundvallar viðskiptum er undanþegin lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum og takmörkunum laga um gjaldeyrismál að uppgjöri loknu. Ekki er heimilt að sameina slíkar viðskiptabeiðnir. Sá tími sem Seðlabankinn áskilur sér til yfirferðar viðskiptabeiðna er a.m.k. 5 viðskiptadagar. Seðlabankinn áskilur sér rétt til að hafna viðskiptabeiðnum í heild eða að hluta. Ákvæði 9. tölul. gildir um viðskipti skv. þessum tölulið eftir því sem við á.

4. Beiðni um viðskipti skal send af milligönguaðila og er skuldbindandi. Viðskiptabeiðni skal að lágmarki innihalda upplýsingar um magn aflandskróna sem óskað er að eiga viðskipti með, hvaða reikning eigi að skuldfæra vegna viðskiptanna og eftir atvikum inn á hvaða reikning eigi að leggja evrur auk annarra þeirra gagna sem Seðlabankinn kann að kalla eftir. Með því að leggja fram

* Stuðull innan sviga er 0.36468182 með átta aukastöfum

viðskiptabeiðni heimilar milligönguaðili Seðlabankanum að skuldfæra viðskiptareikning milligönguaðila hjá Seðlabankanum. Uppgjör viðskiptanna fer fram í reiðufé.

5. Viðskiptabeiðni skal berast Seðlabankanum eigi síðar en í lok dags 1. nóvember 2016.
6. Milligönguaðili skal, vegna allra viðskiptabeiðna sem hann leggur fram til Seðlabankans, hafa kannað og safnað upplýsingum um raunverulegan eiganda og uppruna fjár að baki hverri viðskiptabeiðni, til samræmis við II. og III. kafla laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006, ásamt því að hafa gengið úr skugga um að raunverulegur eigandi lúti ekki alþjóðlegum þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir. Milligönguaðili skal, án tafar, afhenda Seðlabankanum afrit af viðeigandi skjölum sem sanna deili á viðskiptamanni og öðrum skjölum áreiðanleikakönnunar, sé þess óskað. Með framlagningu viðskiptabeiðni samþykkir milligönguaðili, bæði fyrir sína hönd og fyrir hönd síns viðskiptamanns, að Seðlabankinn veiti Fjármálaeftirlitinu, skattayfirvöldum, ákærvaldi eða lögreglu; upplýsingar um raunverulegan eiganda fjármuna, komi fram krafa þess efnis, án tillits til þess hvort krafa um slíkt beinist almennt að viðskiptum skv. skilmálum þessum eða einstökum viðskiptum.
7. Beiðni um viðskipti sem uppfyllir ekki kröfur laga nr. 37/2016, ákvæði annarra viðeigandi laga (lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, lög um gjaldeyrismál og lög um alþjóðlegar þvingunarráðstafanir) eða skilmála þessa, mun ekki ná fram að ganga.
8. Seðlabankinn áskilur sér allt að 10 viðskiptadaga til að ganga frá uppgjöri vegna viðskiptabeiðna. Við uppgjör skuldfærir Seðlabankinn krónur af reikningi milligönguaðila sbr. 4. tölul. og leggur þess í stað evrur inn á þann reikning milligönguaðila sem hann óskar eftir. Milligönguaðili gerir upp við viðskiptamenn sína eins fljótt og auðið er í samræmi við ofangreint uppgjör og er uppgjör gjaldeyris alfarið á ábyrgð milligönguaðila.
9. Berist Seðlabankanum ekki beiðni um viðskipti vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir Seðlabankinn sig allri ábyrgð.
10. Efni milligönguaðili ekki viðskiptabeiðni áskilur Seðlabankinn sér rétt til að krefja milligönguaðila um fullar efnir og hæstu lögleyfðu dráttarvexti fyrir þann tíma sem greiðsla dregst; allt án frekari fyrirvara, og án ábyrgðar gagnvart viðskiptamanni milligönguaðilans.
11. Skilmálar þessir gilda milli Seðlabankans og milligönguaðila í viðskiptunum. Seðlabankinn móttækur krónur frá milligönguaðila afhendir í stað þeirra evrur. Seðlabankinn ber enga ábyrgð gagnvart eigendum krónueigna og ábyrgist ekki efnir milligönguaðila gagnvart viðskiptamanni vegna viðskiptanna.
12. Skilmálar þessir eru þýddir yfir á ensku. Sé misræmi milli textanna gildir íslenski textinn.

Reykjavík

f.h. milligönguaðila
